

# Forgangsröðun nýliðunarumsókna

Umsóknir skulu flokkaðar eftir stigafjölda. Hámarksstigafjöldi er 29 stig. Umsóknir eru flokkaðar í þrjá forgangshópa:

- Forgangshópur 1: 21 -29 stig
- Forgangshópur 2: 16 -20 stig
- Forgangshópur 3: 1 -15 stig

Fjármagn dreifist fyrst niður á forgangshóp 1, þegar hann hefur fengið fullan stuðning skv. reglugerð er fjármagn dreift jafnt á forgangshóp 2. Ef forgangshópur 2 hefur fengið fullan stuðning skv. reglugerð og fjármagn er eftir er eftirstöðvum hlutfallslega dreift niður á forgangshóp 3 skv. reglugerð

Hjón/sambúðaraðilar standa sem einstaklingar við stigagjöf og skal sá aðili sem endar með fleiri stig lagður til grundvallar umsóknar, enda uppfylli sá aðili almenn skilyrði fyrir nýliðunarstuðningi skv. 16. gr. reglugerðarinnar.

## A. Menntun – hámark: 10 stig

- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu búfræðinámi og framhaldsnámi á sviði landbúnaðar við viðurkenndan háskóla 10 stig
- Umsækjandi hefur lokið framhaldsnámi á sviði landbúnaðar við viðurkenndan háskóla 9 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla á sviði landbúnaðar, 8 stig
- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu búfræðinámi 7 stig
- Umsækjandi hefur lokið öðru framhaldsnámi við viðurkenndan háskóla 6 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla 5 stig
- Umsækjandi með viðurkennda iðnmenntun 5 stig
- Umsækjandi með stúdentspróf 2 stig
- Umsækjandi sem ekki uppfyllir skilyrði um menntun hér að ofan 0 stig

## B. Jafnréttissjónarmið – hámark: 9 stig

Umsækjandi fær stig í öfugu hlutfalli við kynjahlutdeild sína í umsækjendahópi. **Dæmi:** Ef konur eru 30% umsækjenda fá konur 7 stig, en karlmenn 3 stig og svo framvegis eftir samsetningu hópsins hversu sinni.

## C. Heildarmat á umsókn – hámark: 10 stig

- Mat á rökstuðningi umsóknar
  - Viðunandi rökstuðningur 1 stig
  - Óviðunandi rökstuðningur 0 stig
- Mat á 5 ára rekstraráætlun og niðurstöðu hennar (framlegð)
  - Framlegð jákvæð 2 stig
  - Framlegð neikvæð 0 stig
- Mat á eignarhlut
  - 80-100% eignarhlutur 3 stig
  - 40-79,9% eignarhlutur 2 stig
  - 25-39,9% eignarhlutur 1 stig

- Mat á starfsreynslu í landbúnaði frá 14 ára aldri
  - 10 ára eða lengri starfsreynsla 4 stig
  - 5-9 ára starfsreynsla 3 stig
  - 3-4 ára starfsreynsla 2 stig
  - 1-2 ára starfsreynsla 1 stig
  - Engin starfsreynsla 0 stig